

Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar



Mynd: Kristín Birna Kristjánsdóttir

Ársskýrsla 2019

Efnisyfirlit

1	FJÖLSKYLDUSVIÐ AKUREYRARBÆJAR	2
1.1	STARFSFÓLK	3
2	ÚTGJÖLD 2019 OG HELSTU LYKILTÖLUR	4
3	BARNAVERND	5
4	FÉLAGSÞJÓNUSTA.....	11
4.1	FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF	11
4.2	ÚRRÆÐI Í FÉLAGSÞJÓNUSTU	12
5	ÞJÓNUSTUDEILD	23
5.1	SKRIFSTOFA FJÖLSKYLDUSVIÐS	23
5.2	ASKJAN.....	23
6	ÖNNUR STARFSEMI SVIÐSINS.....	24
6.1	SAMRÁÐ VIÐ HAGSMUNASAMTÖK NOTENDA	24
6.2	SIS MAT	24
7	SKÓGARLUNDUR	25
8	PLASTIÐJAN BJARG – IÐJULUNDUR.....	29

Nefndir og ráð


Barnaverndarnefnd

Júlí Ósk Antonsdóttir formaður
 Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
 Elisabeth J. Zitterbart
 Hjalti Ómar Ágústsson
 Maron Pétursson

Velferðarráð

Dagbjört Hlín Pálsdóttir formaður – hætt í júní 2019
 Heimir Haraldsson formaður frá júní 2019
 Róbert Freyr Jónsson varaformaður
 Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
 Hermann Ingi Arason
 Lára Halldóra Eiríksdóttir
 Sigrún Elva Briem áheyrnarfulltrúi

Skipurit Fjölskyldusviðs



1 Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar

Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar veitir fjölbreytta ráðgjafarþjónustu á sviði barnaverndar, almennrar og sértækrar félagsþjónustu (málaflokkur fatlaðra). Þjónustusvæðið er auk Akureyrar; Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur. Gerður hefur verið þjónustusamningur í málaflokki fatlaðra á milli þessara sveitarfélaga sem unnið er eftir en skv. samningum er Akureyrarbær leiðandi sveitarfélag og ber ábyrgð á rekstri allrar þjónustu í málaflokknum. Einnig er unnið eftir samningum um ráðgjafarþjónustu við sveitarfélögin en skv. þeim sinnir fjölskyldusvið ráðgjafarþjónustu í barnavernd og almennri félagsþjónustu. Samstarf er á milli þessara sveitarfélaga um barnaverndarnefnd, barnaverndarnefnd Eyjafjarðar. Undir sviðið heyra tveir vinnustaðir í málaflokki fatlaðra, Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur (PBI) og Skógarlundur. Fjölskyldusvið leggur áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun, snemmtæka íhlutun og sveigjanleika í þágu notenda þjónustunnar.

Rafræn stjórnsýslu hjá sveitarfélaginu er mikilvægt tæki í því að bæta aðgengi að þjónustunni og stuðla að aukinni hagræðingu. Líkt og undan farin ár var lagt upp með að koma á framfæri fréttum og upplýsingum af starfsemi sviðsins á vef sveitarfélagsins í þeim tilgangi að auka sýnileika og bæta upplýsingaflæði til íbúa. Rafrænum umsóknum og eyðublöðum hefur fjölgað í íbúagátt og unnið er að því að gera enn betur. Næstu skref eru að tryggja jafnt aðgengi allra íbúa með því að gera öllum þjónustubegum kleift að nota rafrænt aðgengi og fá leiðbeiningar þar um.

Samstarf við stofnanir innan og utan Akureyrarbæjar var mikið á árinu og mun það skila sér í markvissari þjónustu. Meðal annars var opnað útibú Barnahúss hér á Akureyri með það að markmiði að færa þjónustuna nær börnunum og er ætlað að þjónusta allt Norðurland.

Trappan er annað verkefni sem gefist hefur vel og var innleitt af barnavernd. Trappan er gagnreynd samtalsmeðferð fyrir börn sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi.

Boðið var upp á nýtt námskeið sem kallast PEERS, en það er námskeið í félagsfærni fyrir ungmenni á aldrinum 18-30 ára með einhverfu, ADHD, kvíða, þunglyndi og aðra félagslega erfiðleika.

Erfiðlega hefur gengið að fá stuðningsfjölskyldur fyrir börn og því var gerð tilraun á opnun helgardvalar fyrir þau börn sem annars eiga rétt á stuðningsfjölskyldu. Það úrræði hefur gengið vel og ánægja hefur verið með þjónustuna, því hefur fengist samþykki til að halda áfram með það úrræði.

Starfsemi sviðsins skiptist í eftirfarandi þjónustubætti:

- ★ Barnavernd
- ★ Félagsþjónusta, almenn og sértæk
- ★ Þjónustudeild
- ★ Starfsþjálfun og vernduð vinna - PBI
- ★ Skógarlundur – miðstöð hæfingar og virkni

1.1 Starfsfólk

Í árslok 2019 voru 24 starfsmenn á skrifstofu sviðsins í 22,1 stöðugildi sem er lítil aukingin frá árinu 2018 eða 0,2% á milli ára. Þó var hreyfing innan sviðsins, Katrín Árnadóttir sem áður var í félagsþjónustu var ráðin í barnavernd. Gyða Björk Ólafsdóttir félagsráðgjafi var ráðin í stað Katrínar. Guðrún Sigurðardóttir sviðstjóri fór í veikindaleyfi haustið 2018 og leysti Karólína Gunnarsdóttir hana af á meðan. Karólína tók við afleysingum sviðstjóra búsetusviðs í desember 2019. Anna Bryndís Sigurðardóttir hætti á vormánuðum 2019 en hafði þá leyst Karólínu Gunnarsdóttur af sem forstöðumaður þjónustudeildar eftir að Karólína tók við starfi sviðsstjóra.

Í Skógarlundi voru 17 starfsmenn í 14,37 stöðugildum og á Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi voru 19 fastir starfsmenn í 15,85 stöðugildum.

Nýtt fólk er boðið velkomnið til starfa og þeim sem kvöddu á árinu eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Í árslok 2019 voru stöðugildi á fjölskyldusviði eftirfarandi:

	Stöðugildi 31.12.2018	Stöðugildi 31.12.2019
Guðrún Ólafía Sigurðardóttir sviðsstjóri	(í veikindileyfi)	1,0
Halldóra K. Hauksdóttir lögfræðingur	0,9	0,9
	Samtals 0,9	Samtals
1.9,0 Barnavernd		
Vilborg Þórarinsdóttir félagsráðgjafi, forstöðumaður barnaverndar	1,0	1,0
Hafðís Erla Jóhannsdóttir Rist félagsráðgjafi	0,9	0,9
Harpa Ágústsdóttir uppeldisráðgjafi	1,0	1,0
Jóhanna Hjartardóttir félagsráðgjafi	0,9	0,9
Katrín Árnadóttir félagsráðgjafi		0,9
Ottó Karl Tulinius félagsráðgjafi	1,0	1,0
Þórdís Gísladóttir ráðgjafi	1,0	1,0
	Samtals 5,8	Samtals 6,7
Félagsþjónusta		
Anna Marit Nielsdóttir félagsráðgjafi, forstöðumaður félagsþjónustu	1,0	1,0
Anna Hildur Guðmundsdóttir, áfengis- og vímuefnaráðgjafi	0,6	0,8
Anna Sigríður Jónsdóttir félagsráðgjafi	1,0	1,0
Fanney Jónsdóttir ráðgjafi í málefnum fatlaðra	1,0	1,0
Gyða Björk Ólafsdóttir félagsráðgjafi		1,0
Helga Alfreðsdóttir ráðgjafarþroskajálfi	0,8	0,8
Katrín Árnadóttir félagsráðgjafi	0,9	hætt
Katrín Reimarsdóttir félagsráðgjafi	1,0	1,0
Magnús Valur Axelsson húsnaðisfulltrúi	1,0	1,0
Selma Heimisdóttir félagsráðgjafi	0,9	0,9
Þórhildur G. Kristjánsdóttir ráðgjafarþroskajálfi	0,9	0,9
	Samtals 9,1	Samtals 9,4
Þjónustudeild		
Anna Bryndís Sigurðardóttir forstöðumaður þjónustudeildar	1,0	hætt
Elínborg Sigríður Freysdóttir ráðgjafi í Öskjunni	0,75	0,75
Gyða Björk Aradóttir ráðgjafi í Öskjunni	0,5	0,5
Kristín Birna Kristjánsdóttir sérfræðingur á skrifstofu	1,0	1,0
Karólína Gunnarsdóttir settur sviðsstjóri	1,0	á búsetusviði tímabundið
Sólveig Eiríksdóttir skrifstofustjóri	1,0	1,0
Steinunn Benna Hreiðarsdóttir deildarfulltrúi	0,75	0,75
	Samtals 6,0	Samtals 4,0
	Samtals stöðugildi 22,0	Samtals stöðugildi 22,0

2 Útgjöld 2019 og helstu lykiltölur

Skipting fjármagns

Samanburður á útgjaldaliðum frá 2017 - 2019 á verðlagi hvers árs, allar tölur eru í þúsundum			
	2017	2018	2019
Skrifstofa fjölskyldusviðs	204.405	214.397	255.803
Fjárhagsaðstoð	119.950	120.389	153.686
Tilsjónarmenn	2.930	1.468	6.479
Askjan - fjölskyldustuðningur	8.958	9.750	10.572
Vistun á stofn. og heimilum	63.375	86.589	92046
Styrkir til náms og tækjakaupa	1.285	1.450	446
Plastiðjan Bjarg - lðjulundur	83.567	76.926	79.518
Skógarlundur	138.077	143.733	153.646
Sérstakur húsnæðisstuðningur	51.166	74.989	81.459

Tafla 1

Ýmsar lykiltölur í starfsemi fjölskyldusviðs

	2017	2018	2019
Fjöldi tilkynninga í barnavernd	594	554	613
Fjöldi barna sem fá þjónustu frá barnavernd	304	305	340
Málafjöldi í Öskjunni	43	52	57
Fjöldi styrkþega í fjárhagsaðstoð	340	318	319
Fjárhagsaðstoð alls (þús. kr.)	119.939	119.950	153.648
Fjöldi styrkþega sérstaks húsnæðisstuðnings	351	344	374
Heildarfjöldi leiguíbúða	339	342	342
Fjöldi úthlutaðra leiguíbúða á árinu	49	43	45
Fjöldi fatlaðra barna í þjónustu	171	171	172
Fjöldi fatlaðra barna með stuðningsfjölskyldur	30	32	50
Skógarlundur - fjöldi þjónustutíma	44.496	44.378	40.068
Skógarlundur - heildarfjöldi notenda	50	49	44
Plastiðjan Bjarg-lðjulundur - fjöldi þjónustutíma	25.872	28.115	26.659
Plastiðjan Bjarg-lðjulundur - heildarfjöldi notenda	60	55	57

Tafla 3


3 Barnavernd



Sjö starfsmenn fjölskyldusviðs sinna verkefnum barnaverndar í umboði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Frá því í febrúar voru virk stöðugildi 6,7. Fimm starfsmenn hafa starfsréttindi til félagsráðgjafar eða meistaraþróf, einn er með BA í sálfræði og einn sem uppeldisráðgjafi. Allir starfsmenn hafa hlotið viðbótarmenntun af einhverju tagi í tengslum við barnavernd.

Barnavernd starfar samkvæmt 2. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem á að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Verkefni starfsmanna barnaverndar eru fjölbreytt en starfsmenn bera ábyrgð á allri grunnvinnu í barnaverndarmálum á grundvelli barnaverndarlaga. Í því felst að taka við tilkynningum, taka ákvörðun um könnun, kanna mál, gera áætlanir, koma með viðeigandi stuðningsúrræði eða sjá til þess að beitt verði öðrum úrræðum. Þegar barnaverndarnefnd fær rökstuddan grun um að heilsu eða þroska barns sé hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða eigin hegðunar á hún að kanna málið án tafar og beita þeim úrræðum sem þarf til að ráða viðunandi bót á. Ávallt er leitast við að styðja fjölskyldur og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við. Allar ákvarðanir um úrskurði eða þvingun af einhverju tagi á grundvelli barnaverndarlaga eru teknar af barnaverndarnefnd og starfsmenn barnaverndar bera ábyrgð á að framfylgja þeim. Starfsmenn barnaverndar bera ábyrgð á vistunum barna á einkaheimilum eða í föstri til skemmri eða lengri tíma á grundvelli barnaverndarlaga. Einnig er það í hlutverki starfsmanna nefndarinnar að sækja um og fylgja börnum eftir í greiningar- og meðferðarvistun á vegum Barnaverndarstofu og annarri sérhæfðri meðferð á þeirra vegum. Þá gefa starfsmenn í umboði barnaverndarnefndarinnar umsagnir vegna umsókna um fösturleyfi, starfsleyfis stofnanna vegna sólarhringsvistana barna og til forsamþykkis í ættleiðingarmálum. Starfsmenn bera þar að auki ábyrgð á úrræðum á vegum barnaverndar, s.s. starfi tilsjónar, stuðningsfjölskyldu og persónulegra ráðgjafa.

Á árinu 2019 var tekið við 613 barnaverndartilkynningum. Könnun var hafin að frumkvæði nefndarinnar sjálf 6 sinnum á árinu. Er það töluverð fjölgun á tilkynningum frá árinu á undan þegar 554 tilkynningar bárust nefndinni. Málefnum barna sem hafa verið til könnunar og meðferðar hjá nefndinni hefur að sama skapi fjölgað á milli ára. Málefni 340 barna voru til könnunar og meðferðar á árinu en voru 305 á síðasta ári og voru málefni tveggja ófæddra barna til meðferðar á árinu. Sjá mynd 1.



Mynd 1


Aldur og kyn barna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga árin 2017-2019

	2017		2018		2019	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
0 - 5 ára	81	45	87	58	92	73
6 - 10 ára	36	41	31	31	42	35
11 - 14 ára	34	25	31	24	31	24
15 - 18 ára	20	22	19	21	14	25
18 - 20 ára	0	0	2	1	0	2
Samtals drengir/stúlkur	171	133	170	135	179	159
Samtals	304		305		338	


Tafla 3

Eins og taflan hér fyrir ofan bendir til hefur hlutfall barna undir grunnskólaaldri farið áfram fjölgandi á milli ára. Hlutfall þeirra á árinu var um 49%. Stærsti hópurinn eru drengir á aldrinum núll til fimm ára eða 92 af 338 fæddum börnum en þess ber að geta inn í þessari tölu eru ekki tvö ófætt börn sem voru til umfjöllunar á árinu eins og fram kemur hér á undan.

Eins og áður, koma fleiri drengir en stúlkur inn á borð barnaverndar en þó bendir allt til þess að stúlkum sé að fjölga hraðar en drengjum og munar nú 20 börnum á móti 35 árið á undan. Mynd 2 sýnir að börn sem eru til vinnslu inná borði barnaverndar fækka eftir því sem börnin eldast.



Mynd 2



Mynd 3

Fjölgun tilkynninga frá lögreglu var mikil árið 2019 en athygli vekur hversu fáar tilkynningar bárust frá lögreglu á árinu 2018 miðað við árin á undan. Nú vekur athygli hversu sjaldnar foreldri án forsjár tilkynnti mál til barnaverndar en árið á undan. Skóli eða sérfræðipjónusta skóla tilkynnti oftast en áður. Það vekur einnig athygli hversu mikil fækkun tilkynninga koma frá ættingjum barna. Þá tilkynnti félagsþjónusta eingöngu einu sinni til barnaverndar á síðasta ári en þær voru 12 á árinu 2018, sjá mynd 3.

Eins og á undanförunum árum er fjöldi tilkynninga undir flokknum vanræksla foreldra gagnvart barni áberandi eða 245 tilkynningar af 613 eins og sjá má í töflu 4. Þess ber einnig að geta að af þessum 245 tilkynningum varða flestar áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra eða 159 talsins, sem telur til 26% af heildarfjölda tilkynninga. Hins vegar má benda á að í raun fækkaði tilkynningum í flokki vanrækslu nokkuð á milli ára. Á móti kemur að töluverð fjölgun tilkynninga sem varða áhættu hegðun barna og ungmenna og tilkynningum um ofbeldi gagnvart börnum.

Ástæður barnaverndartilkynninga 2016-2019

	2016	2017	2018	2019
Vanræksla	197	315	280	245
Ofbeldi	160	125	127	145
Áhættu hegðun barns	156	148	135	221
Heilsa eða líf ófæddes barns í hættu	3	6	12	2
Samtals	516	594	554	613

Tafla 4

Stuðningsfjölskyldur

Samkvæmt 85. gr. barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Markmið stuðningsins er m.a. að styrkja stuðningsnet barna og veita þeim öryggi, léttu álagi af börnum og fjölskyldum þeirra og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Heimilt er að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfelld en yfirleitt dvelja börn eina til tvær helgar í mánuði hjá stuðningsfjölskyldum sínum. Í lok ársins höfðu 15 börn stuðningsfjölskyldu á vegum barnaverndar.

Fóstur og aðrar vistanir

Með föstri er átt við að barnavernd feli fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjá mánuði.

Fósturráðstafanir eru þrenns konar: tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. Barn fer í tímabundið fóstur þegar ætla má að bæta megi aðstæður þess hjá foreldrum. Tímabundið fóstur skal ekki vara lengur en tvö ár nema í undantekningartilvikum. Barn fer í varanlegt fóstur þegar fyrirsjáanlegt er að aðstæður þess verði ekki bættar á annan hátt. Hægt er að framlengja fósturráðstöfun barns sem er í föstri til 18 ára aldurs til 20 ára aldurs.


Styrkt fóstur á við þegar barn á við mikla hegðunarerfiðleika að etja og er þá um að ræða sérstaka umönnun og þjálfun barns á fósturheimili í takmarkaðan tíma, að hámarki tvö ár.

Samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði svo sem vistheimili til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum. Samningur er við tvö einkaheimili sem þjóna þessum tilgangi.

Í árslok voru 23 börn í varanlegu föstri á vegum nefndarinnar sem er aukning frá því árinu á undan en á móti voru fimm börn í tímabundnu föstri í lok ársins. Í heildina voru 11 börn í vistun utan heimilis ýmist í tímabundnu föstri eða í vistun á einkaheimili skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Tvö ungmenni fóru í greiningar- og meðferðarvistun á Stuðla á árinu og sex sinnum voru börn vistuð þar í neyðarvistun. Þá dvaldi eitt ungmenni til meðferðar á langtímameðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu.

Bakvakt

Vegna barnaverndarmála er starfrækt bakvakt á þjónustusvæði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar alla virka daga utan skrifstofutíma og um helgar. Þegar erindi berst til bakvaktar er metið hvort þörf sé á tafarlausri aðstoð eða hvort málið megi bíða næsta virka dags. Neyðarlínan 112 tekur við tilkynningum samkvæmt samningi við barnaverndarnefndir landsins utan skrifstofutíma, forgangsraðar erindum, skráir helstu upplýsingar og kemur þeim til viðkomandi barnaverndarnefndar. Beiðni um aðkomu bakvaktar barnaverndar getur einnig komið til með öðrum leiðum, s.s. í gegnum lögreglu. Fjöldi útkalla á árinu 2019 voru 86 en eins og sjá má á mynd 4. Þá er um að ræða verulega aukningu útkalla frá árinu á undan þegar útköllin voru 50. Telst það til tæpra 42% aukningu á milli ára. Segja má að aukning útkalla á bakvakt endurspegli aukinn málafjölda í barnaverndinni og þyngd mála.



Mynd 4

Sveitarfélög

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar er sameiginleg nefnd fyrir Akureyri og nágrannasveitarfélögin Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandarhrepp, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Af 340 börnum sem nefndin hafði afskipti af á árinu, komu 296 frá Akureyri, en 44 frá hinum sveitarfélögunum fjórum, eða ríflega 14%.

Samstarfsaðilar

Barnaverndarstarfsmenn eru í faglegu samstarfi við grunnskólana í umdæmi barnaverndarnefndar Eyjafjarðar og sátu nemendaverndarráðsfunði reglulega á þessu ári eins og áður. Tengiliður frá barnavernd er við hvern skóla og flesta leikskóla sem hefur reynst vel. Að jafnaði hafa verið tveir samráðsfundir í hverjum leikskóla á ári. Nokkrir skólar voru heimsóttir á árinu sem ekki höfðu fengið heimsókn árinu á undan þar sem boðið var uppá formlega kynningu á málsmeðferð barnaverndar, skyldur þeirra sem vinna með börnum og mikilvægi samstarfs. Er markmiðið að bjóða uppá slíkar heimsóknir reglulega.

Fundað var mánaðarlega með geðdeild SAK og á starfsmaður barnaverndar setu í fagteymi á HSN. Reglulegt samráð hefur einnig verið við barnadeild SAK og BUG-teymi sjúkrahússins. Starfsmenn barnaverndar hafa verið í góðu samstarfi við skólaþjónustu á fræðslusviði og áfram hefur verið lögð sérstök áhersla á meira og þéttara samstarf starfsmanna félagsþjónustu og barnaverndar á árinu.

Samvinna við lögreglu er af margvíslegum toga en þar má helst nefna samvinnuverkefni um viðbrögð við heimilisofbeldi sem hófst árið 2015 og nefnt hefur verið „Að halda glugganum opnum“ Það var tilraunarverkefni á sínum tíma en er nú orðið fast verklag við vinnslu heimilisofbeldismála.

Starfsmenn barnaverndar vinna í nánú samstarfi við Barnaverndarstofu. MST-meðferðarúrræðið er fjölkerfameðferð fyrir unglinga og fjölskyldur þeirra og hefur vaxið með hverju árinu og er það samdóma álit allra aðila að sú þjónusta hafi almennt skilað góðum árangri. MST er úrræði sem Barnaverndarstofa innleiddi árið 2016 í umdæmi nefndarinnar. Samstarf barnaverndar og Barnahúss var einnig viðamikil á árinu eins og undanfarin ár en í apríl sl. var útibú Barnahús á Akureyri opnað með formlegum hætti. Frá þeim tíma hafa öll könnunarviðtöl, skýrslutökur lögreglu og meðferðarviðtöl sérfræðinga Barnahúss fyrir börn og ungmenni á svæðinu farið fram hér á Akureyri en útibúinu er ætlað að þjónusta allt Norðurland. Þannig var því markmiði náð að færa þjónustuna við börn og ungmenni nær heimabyggð. Þá hefur verið notast við verklagið Ester í völdum könnunarmálum eins og áður enda reynst vel og gefur betri möguleika á að mæla árangur í meðferðarvinnu.

Samstarf við forvarna- og frístundadeild samfélagssviðs var töluvert á árinu eins og undanfarin ár, m.a. í gegnum úrræði Skólasmiðjunnar þar sem sæti eiga fulltrúar forvarna- og frístundadeildar, barnaverndar og skólaþjónustu. Þá má nefna samstarf við forvarnarfulltrúa í málum unglinga sem sýna einkenni andfélagslegrar hegðunar. Áfram var haldið með hópastarf fyrir ungmenni kallað „Migið í saltan sjó“ í samvinnu Virkisins á vegum forvarna- og frístundadeildar við Hollvinafélagið Húna og barnavernd á fjölskyldusviði. Á árinu var unnið gerð verklags og samnings í kringum það verkefni í þeirri von að festa þetta verkefni í sessi enda hafa þau ungmenni sem tekið hafa þátt látið vel af og metið að hafi styrkt sjálfsmynd þeirra.

Þá er mikilvægt að nefna þróunarstarf sem hefur átt sér stað á árinu í samvinnu við verkefnið „Barnvænt sveitarfélag“. Hafist var handa við það á vordögum að vinna að fræðslupakka og hanna rafrænan tilkynningahnapp með það að markmiði að auka meðvitund barna og ungmenna og möguleika þeirra á að tilkynna sjálf til barnaverndar. Í því skyni var m.a. unnið að því að gera barnavernd aðgengilegri á heimasíðu Akureyrarbæjar. Þá var unnið að gerð rafrænnar handbókar um tilkynningaskylduna og hönnun tilkynningareyðublaðs. Þessu verkefni verður framhaldið árið 2020 og er markmiðið að fara með kynningu til skólastjórnenda og nemenda í ákveðnum bekkjardeildum.

Fundir barnaverndarnefndar

Barnaverndarnefnd hélt 12 fundi á árinu en alls voru málefni 23 barna til umfjöllunar á þessum fundum, alls 34 sinnum. Í 16 tilvikum komu foreldrar barna á fund nefndarinnar, sumir á fleiri en einn fund og í tvö skipti komu fösturforeldrar fyrir nefndina. Úrskurðað var um vistun tveggja barna utan heimilis á árinu en í málum tveggja barna náðist samkomulag um vistun áður en til úrskurðar þurfti að grípa. Sjö sinnum var úrskurðað um umgengni fösturbarna við kynforeldra sína.

Nefndin átti aðild að málum þriggja barna fyrir Héraðsdómi á árinu og staðfesti dómurinn kröfu um forsjársviptingu yfir einu þeirra fyrir lok ársins.

Annað

Óhætt er að segja að árið 2019 hafi verið erilsamara en árin á undan. Kemur þar til meðal annars nokkur fjölgun tilkynninga auk þess sem fleiri börn voru til meðferðar en fyrri ár. Barnaverndin styrktist á árinu eftir að nýr starfsmaður var ráðinn í febrúarmánuði. Eins og undanfarin ár varða flestar tilkynningar um vanrækslu foreldra gagnvart börnum og þá undir liðnum áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra. Hins vegar er um að ræða töluverða fjölgun er varðar áhættu hegðun barna og ungmenna og í flokki ofbeldis gegn börnum. Enn er börnum að fjölga sem fara í fóstur eða vistun utan heimilis til lengri eða skemmri tíma. Um áramót voru fleiri börn í varanlegu fóstri en á árinu á undan en á móti voru færri börn í tímabundinni vistun eða fóstri á þeim tíma. Þá voru fleiri ungmenni vistuð í neyðarvistun Stuðla þetta árið.

Eins og fyrri ár var lögð nokkur vinna í það að fá samþykki fyrir úrræðinu „fjölnota fjölskylduheimili“ til að svara þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og faglegri greiningu og meðferð í heimabyggð, koma betur til móts við foreldra sem þurfa sértækari og umfangsmeiri þjálfun til að efla foreldrafærni þeirra og fækka þar með mögulega tímabundnum og varanlegum fósturráðstöfunum. Í ár fóru starfsmenn barnaverndar m.a. í ferð til Svíþjóðar þar sem áþekkt heimili var heimsótt.

Að lokum er vert að geta þess að í tengslum við þá áætlun að þróa úrræði fyrir börn sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi var á árinu farið í að innleiða í barnavernd sérstaka og gagnreynda samtalsmeðferð fyrir börn sem kallast „Trappan“. Gagna var aflað og fengin sérstök kynning á úrræðinu auk þess sem farin var námsferð til Svíþjóðar þar sem starfsmenn fengu sérstaka þjálfun í beitingu aðferðarinnar hjá einum af höfundum „Tröppunnar“. Verklagið sjálft og sérstakt viðtalsherbergi var tilbúið undir lok ársins.



4 Félagsþjónusta

Markmið félagsþjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi.

Félagsþjónustan býður upp félagslega ráðgjöf auk eftirfarandi úrræða: fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði, sérstakan húsnæðisstuðning, styrki til náms- og tækjakaupa, námskeið og stuðningsfjölskyldur fyrir börn. Í samráði við aðra stofnanir bæjarins er boðið upp á atvinnuúrræði. Auk þess getur félagsþjónustan vísað í Öskjuna fjölskyldustuðning, þar sem foreldrar geta fengið stuðning og ráðgjöf við uppeldi á heimilum sínum.

4.1 Félagsleg ráðgjöf

Hlutverk félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um ýmis félagsleg réttindi og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Öll félagsleg ráðgjöf miðar að hjálp til sjálfshjálpar, þannig að einstaklingurinn geti sem best notið sín í samfélaginu.

Verkefni félagslegrar ráðgjafar eru til dæmis ráðgjöf vegna fjölskyldumála, fjárhagsvanda, húsnæðisskorts, vímuefnaneyslu, skilnaðar, sjúkdóma, slysa, fötlunar, atvinnuleysis eða öldrunar. Til þess að ráðgjöfin skili sem mestum og bestum árangri er áhersla lögð á samvinnu við önnur svið bæjarins og stofnanir. Má þar nefna samvinnu við fræðslusvið, búsetusvið, HSN á Akureyri, Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk), VIRK, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Vinnumálastofnun og SÁÁ. Samstarf í einstaklingsmálum fer fram í samráði við og með samþykki viðkomandi einstaklings og er oft lykilatriði í því að ná samfellu og árangri.

Ráðgjöf vegna fötlunar

Auk almennrar ráðgjafar sinnir félagsþjónustan sérstakri ráðgjöf vegna fatlaðra barna og fullorðinna. Um er að ræða einstaklinga þar sem almenn úrræði hafa ekki reynst nægjanleg og leita hefur þurft eftir úrræðum sem er sérstaklega eru ætluð fötluðu fólki skv. lögum. Mikil samvinna er við búsetusvið og fræðslusvið sem veitir mörgum þessara einstaklinga viðamikla þjónustu.

Ráðgjöf vegna fjölskyldumála

Ráðgjafar í félagsþjónustu veita foreldrum og forráðamönnum ráðgjöf og stuðning vegna uppeldis barna og unglunga. Ráðgjöfin er oft veitt í samvinnu við bæði skólaþjónustu fræðslusviðs og barnavernd. Auk þess að veita ráðgjöf vegna barna er einnig veitt önnur ráðgjöf er snýr að samskiptum í fjölskyldu t.d. vegna sambúðarslita, breytinga sem kunna að verða vegna fötlunar, slysa eða öldrunar.

Þegar þjónusta við fjölskyldur er umfangsmikil og margir sem koma að til dæmis þegar um fötluð börn og fjölskyldur þeirra er að ræða er unnið í teymisvinnu. Hún felur það í sér að allir aðilar sem koma að hverju barni vinna saman. Reglulega er fundað með forráðamönnum barnsins og þeim er koma að þjónustunni þar sem farið er yfir verkaskiptingu og hlutverk hvers og eins þannig að samfellan í þjónustunni verði sem best.

Á undanförunum misserum hefur verið lagt mikið upp úr því að halda teymisvinnunni áfram þegar í framhaldsskóla er komið og lögð áhersla á að tengja barnið við ráðgjafa áður en það nær 18 ára aldri og verður sjálfráða.

Ráðgjöf vegna neyslu

Neysla áfengis og annarra vímuefna er í sumum tilfellum stór vandi þeirra er leita til félagsþjónustunnar. Fyrir tveimur árum var því ráðinn áfengis- og vímuefnaráðgjafi til að veita þeim hópi sérstakan stuðning.

Í mörgum tilfellum eru einstaklingar aðstoðaðir við að komast í meðferð og reynt að veita stuðning og eftirfylgd eftir að meðferð lýkur. Því er oft mikið og náið samstarf við þær stofnanir sem veita meðferð s.s. SÁÁ, geðdeildir, Krýsuvíkursamtökin, Samhjálp og fleiri.

Einnig er mikil samvinna við búsetusvið Akureyrarbæjar til að aðstoða þá sem eiga erfitt með að fá og/eða halda húsnæði vegna neyslusjúkdóms. Er þá unnið eftir hugmyndafræði skaðaminnkandi

nálgunar sem felst í því að lágmarka þann skaða sem neysla einstaklingsins veldur honum og umhverfi hans.

Ráðgjöf vegna flóttafólks

Færst hefur í vöxt að þeir sem til félagsþjónustunnar leita hafi fengið alþjóðlega vernd hér á landi og þurfi því á auknum stuðningi að halda til að fóta sig í nýju þjóðfélagi. Kallar þjónusta við þennan hóp oft á nána samvinnu margra stofnana bæði sveitarfélaga og ríkis. Einnig þarf oft að kalla til túlk og á árinu var gerður samningur við túlkþjónustu á Írlandi sem býður upp á símatúlkun á mörgum tungumálum.

Ráðgjöf vegna fjármála

Ráðgjöf og leiðbeiningar vegna fjármála miða að því að aðstoða fólk við að koma fjármálum sínum í betra horf. Það getur falist í því að skoða hvernig hægt er að auka tekjur og/eða minnka útgjöld, upplýsa um og aðstoða við að sækja rétt sinn hjá öðrum stofnunum svo sem sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum, Tryggingastofnun eða Vinnumálastofnun. Ráðgjöfin getur einnig falist í aðstoð við að skoða neysluvenjur og leiðbeiningum um úrræði vegna skulda og greiðsluvanda.

Í allri ráðgjöf varðandi fjárhagsaðstoð er vinnufærni metin í samvinnu við umsækjanda. Í kjölfarið er reynt að finna úrræði, aðstoð við að fá vinnu eða takast á við veikindi.

Einstaklingar sem ekki eru vinnufærir og/eða þurfa endurhæfingu til að endurheimta vinnugetu sína eru aðstoðaðir við leita sér hjálpar innan heilbrigðiskerfisins. Í þeim tilvikum er unnið í samstarfi við VIRK, Tryggingarstofnuna ríkisins, Geðdeild SAK og HSN á Akureyri.

Samvinna við Bjarmahlíð

Bjarmahlíð er nýtt úrræði fyrir þolendur ofbeldis og opnaði formlega á vormánuðum 2019. Frá opnun hefur verið öflugt samstarf við miðstöðina. Einn félagsráðgjafi hefur sérstaklega sinnt málefnum þeirra sem þangað hafa leitað til að tryggja samfellu í þjónustu við þolendur ofbeldis.

4.2 Úrræði í i félagsþjónustu

Vinumarkaðsúrræði

Mikil áhersla er lögð á að finna viðeigandi vinnutengd úrræði fyrir vinnufæra einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð.

Atvinnuáttak Akureyrarbæjar er ætlað þeim sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum og fá fjárhagsaðstoð frá fjölskyldusviði. Í stað þess að greiða fjárhagsaðstoð er þessum einstaklingum boðin vinna á ýmsum sviðum bæjarins. Á árinu var um 19 milljónum varið í verkefnið sem er rúmum átta milljónum hærri upphæð en árið á undan. Þrettán einstaklingar nýttu sér atvinnuátakið í lengri eða skemmri tíma.



Mynd 5

Á mynd 5 má sjá hversu margir voru í sérstaka atvinnuáttakinu frá 2017 og hvernig skiptingin er á milli íslenskra og erlendra ríkisborgara.

Atvinnuáttakið hentar þeim sem þurfa að sanna sig á vinnumarkaði eftir langvarandi fjarveru eða hafa ekki reynslu af vinnumarkaði. Undanfarið hefur þeim fjölgað í sérstaka atvinnuáttakinu sem ekki tala íslensku og hafa litla reynslu af íslenskum vinnumarkaði og geta því ekki fengið meðmæli fyrrum vinnuveitanda. Því hefur einstaklingum sem eru með erlent ríkisfang fjölgað mikið í þessum hópi.

Einnig getur félagsþjónustan vísað á Fjölsmiðjuna á Akureyri sem er vinnusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára og er hvorki í skóla né vinnu. Á vinnustaðnum er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnu og námi þannig að ungmennin geti betur tekið ákvörðun um framtíð sína að lokinni veru sinni þar. Að Fjölsmiðjunni standa auk Akureyrarbæjar, Rauði Krossinn, Vinnuálastofnun, Eining-Iðja og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Ungmennin fá greidd laun fyrir vinnu sína og var greitt í gegnum fjárhagsaðstoð til Fjölsmiðjunnar vegna 35 einstaklinga sem þar störfuðu árið 2019.

Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu

Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu eru annars vegar í boði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra skv. lögum um málefni fatlaðs fólks og hins vegar fyrir þá sem búa við félagslega erfiðleika.

Einstæðir foreldrar sem hafa engan eða lítinn stuðning frá hinu foreldrinu, hafa litla aðstoð af stórfjölskyldunni og búa við mikla félagslega erfiðleika geta að undangengnu mati ráðgjafa fengið stuðningsfjölskyldu allt að tvo sólarhringa í mánuði. Í báðum tilfellum er markmiðið með stuðningsfjölskyldum að hvíla foreldra og veita börnunum tilbreytingu við þroskavænleg skilyrði.

Á töflum 5 og 6 má sjá hversu mörg börn hafa verið hjá stuðningsfjölskyldum frá árinu 2017-2019 og fjölda tíma sem þau hafa fengið. Í tilfellum fatlaðra barna er skipt eftir þjónustuflokkum barnanna. Í töflunum kemur einnig fram hvað mörg börn voru í helgardvöl en það er nýtt úrræði og verður þeirri þjónustu gerð frekari skil í kaflanum á eftir.

Stuðningsfjölskyldur – þjónustusólarhringar			
	2017	2018	2019
Þjónustuflokkur I	477	380	217
Þjónustuflokkur II	182	248	225
Þjónustuflokkur III	264	350	400
Félagsþjónusta		164	92
Helgardvöl			40
Alls	923	978	974

Tafla 5

Fjöldi barna með stuðningsfjölskyldu			
	2017	2018	2019
Þjónustuflokkur I	10	7	5
Þjónustuflokkur II	8	10	8
Þjónustuflokkur III	12	15	21
Félagsþjónusta		13	9
Helgardvöl			7
Alls	30	32	50

Tafla 6

Helgardvöl

Á undanförmum misserum hefur gengið erfiðlega að fá stuðningsfjölskyldur og því hafa einhver börn ekki fengið þjónustu þrátt fyrir samþykki þar um. Því var ákveðið að leita nýrra leiða og frá október 2019 var boðið upp á helgardvöl, aðra hvora helgi, í húsnæði Skógarlundar, miðstöð virkni og hæfingar. Markmiðið er að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra fyrir stuðningsþjónustu utan heimilis. Við upphaf verkefnisins voru á biðlista, 18 börn fædd á árunum 2004 til 2017 sem ekki höfði tekist að finna fjölskyldur fyrir.

Fimm börn geta nýtt þjónustuna frá tíu að morgni til átta á kvöldin, laugardaga og sunnudaga. Nýting á plássum var fremur lítil í byrjun en hefur aukist jafnt og þétt. Talsverðar breytingar hafa orðið á barnahópnum, einhverjir hafa hætt við en þá var næstu börnum á biðlistanum boðið. Alls hafa 13 börn komið í dvöl, fimm hafa verið frá upphafi, þrjú hættu eftir að hafa verið eina helgi og fimm hafa verið að tínast inn fram eftir vetri.

Kostnaður við helgardvöl er nánast sá sami og ef greitt hefði verið fyrir tíu börn hjá stuðningsfjölskyldu en raunkostnaður fyrri 10 börn í Helgardvöl eru 2,1 milljónir en ef þau hefðu verið hjá stuðningsfjölskyldu hefði hann verið 2,4 milljónir. Um tilraunarverkefni er að ræða og verður þjónustan tekin út að hálfu ári liðnu.

Snemmtæk íhlutun

Á fjölskyldusviði er unnið eftir hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar er varðar ung börn, hvort sem um er að ræða fötlun, fyrirbura eða annan þann vanda sem veldur álagi í fjölskyldum.

Ráðgjafar í málefnum fatlaðra barna veita fjölskyldum þeirra snemmtæka íhlutun í formi ráðgjafar, þjálfunar og stuðnings á heimilinu frá greiningu og fram að leikskóla. Í snemmtækri íhlutun er horft til aðstæðna fjölskyldunnar í heild sinni og áhersla er á að byggja upp traust og góða samvinnu við foreldra. Fyrstu kynni foreldra fatlaðra barna af þjónustunni og þeim aðilum sem veita hana skiptir miklu og þess vegna er sérstök áhersla lögð á þennan hluta. Stundum er stuðningur tímabundinn en þegar um fötlun er að ræða heldur stuðningurinn áfram eins lengi og þarf. Ráðgjafinn er tengiliður fjölskyldunnar við þjónustukerfið, kynnir mögulega þjónustu fyrir foreldrum og liðsinnir þeim við að óska eftir þjónustu vegna fötlunar barnsins. Ráðgjafinn sækir um forgang í leikskóla og styður foreldra við undirbúning þar vegna sérþarfa barnsins.

Ráðgjafi er í samvinnu við greiningar og þjónustuaðila fjölskyldunnar s.s. Greiningar og ráðgjafastöðvar ríkisins, Sjúkrahúsið á Akureyri, ungbarnaeftirliti HSN, Vökudeild LSH, ÞPM og fleiri eftir atvikum

Peers

Peers er annað nýtt úrræði en boðið var upp á PEERS námskeið. Það er námskeið í félagsfærni fyrir ungmenni á aldrinum 18-30 ára með einhverfu, ADHD, kvíða, þunglyndi og aðra félagslega erfiðleika. Námskeiðið er ætlað bæði ungmennum og félagsþjálfum en það eru aðilar sem tengjast þeim persónulega í daglegu lífi.

Ungmennin fengu fræðslu og þjálfun í félagsfærni í hóptímum og félagsþjálfarnir fengu sambærilega fræðslu í annarri kennslustofu. Grunnhugmynd námskeiðsins er að árangur af félagsfærniþjálfun verði best aukin með viðvarandi æfingum og þjálfun og þá mikilvægt að hafa félagsþjálfva sem þekkir markmiðin og geti stutt við æfingarnar. Námskeiðið stendur í 16 vikur og er kennt einu sinni í viku tvo tíma í senn. Sex ungmenni sóttu námskeiðið að þessu sinni, auk félagsþjálfva. Þrír leiðbeinendur sáu um námskeiðið.


Styrkir til náms og tækjakaupa

Styrkir til náms og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Alls bárust sex gildar umsóknir, frá fjórum einstaklingum. Fimm voru vegna námskostnaðar og ein vegna tækjakaupa og var samþykkt upphæð kr. 456.500. Er þetta tölufærð fækkun umsókna frá árunum á undan en árið 2018 voru umsóknirnar 15 frá 14 einstaklingum.

Umönnunarmat

Framfærendur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjúkdómur, andleg og/eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eða sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk fjölskyldusviðs er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir fötluð börn. Einnig aðstoðar sviðið einstaka foreldra annarra barna við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat.

Í desember 2019 voru á skrá hjá fjölskyldusviði 172 fjölskyldur með umönnunargreiðslur vegna fötlunar barns sem er fjölgun um eina fjölskyldu frá árinu 2018, sjá mynd sex.



Mynd 6

Flest börnin eða 152 búa á Akureyri en 20 í öðrum sveitarfélögum á þjónustusvæðinu, sjá töflu sjö.

Fötluð börn á skrá 2019 - skipt eftir lögheimili					
Umönnunarflokkar	1	2	3	4	Alls
Akureyri	8	49	78	17	152
Eyjafjarðarsveit	1	5	5		11
Grýtubakkahreppur			1		1
Hörgársveit		1	3	1	5
Svalbarðsstrandarhreppur			3		3
Samtals	9	55	90	18	172

Tafla 7

Fötluð börn raðast í fjóra umönnunarflokka fyrsta, annan, þriðja og fjórða flokk þar sem mest fötluðu börnin eru í flokki eitt. Í 4. flokki eru börn sem metin eru í sambærilegri stöðu og börn í 3. flokki eða bíða frekari greiningar á Greiningarstöð.

Þegar skoðuð er þróun síðustu sjö ára í skiptingu umönnunarflokka sést að börnum fækkar í 2. flokki en fjölga í 3. flokki og í þeim fjórða. Árið 2011 voru börn í 4. flokki ekki talin með en breytt vinnulag Tryggingastofnunar gerir það að verkum að börn sem áður hefðu farið í 3. flokk og þurfa þjónustu úr málaflokki fatlaðra eru nú í 4. flokki og eru talin með sem fötluð á þessu svæði, sjá töflu átta. Þessi breyting er ekki til bóta því hún getur haft áhrif á framkvæmd þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra og er til þess fallin að búa til misræmi á landsvísi þar sem skilgreiningar á því hvaða börn fá þjónustu helst oft í hendur við þessa flokkun. Þessar breytingar geta kallað á það að skilgreina þurfi upp á nýtt rétt á þjónustu og ekkert víst að það verði gert alls staðar eins á landinu.

Þróun umönnunarflokka 2013 – 2019							
Flokkur/ár	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
1	6	7	8	9	9	9	9
2	65	64	60	58	56	56	55
3	65	74	85	85	89	86	90
4	9	12	15	18	17	20	18
	145	157	168	170	171	171	172

Tafla 8

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni fjölskyldusviðs og búsetusviðs. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður. Á árinu 2019 voru gerðir átta samningar, þar af tveir vegna barna.


Í lok árs 2018 var notendastýrða persónulega aðstoð lögfest (NPA) og í kjölfar þess auglýsti félagsþjónusta Akureyrar eftir umsóknum um NPA. Þrír einstaklingar sóttu um þessa þjónustu og verða gerðir við þá samningar.

Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel. Unnið er að gerð reglna um þjónustuna fyrir Akureyrarbæ.

Fjárhagsaðstoð

Árið 2019 voru útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar kr. 153.648.39 að teknu tilliti til endurgreiddra lána og annarra endurgreiðslna sem voru kr. 13.864.487.

Hlutfall íbúa Akureyrarbæjar sem þáðu fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftar á árinu 2019 var það sama og árið 2018 eða 1,68%, sjá mynd 7.




Mynd 7

Árið 2019 var framfærslugrunnur hækkaður umfram vísitölu og var til einstaklinga að upphæð kr. 180.000 og til hjóna 288.000 kr. Framfærslugrunnur er óháður því hvort barn eða börn búi á heimilinu en á móti eru greiðslur vegna barna s.s. barnabætur og barnalífeyrir ekki reiknaðar inn með tekjum umsækjenda. Þó var sú breyting gerð að heimilt er að bæta við framfærsluna allt að upphæð kr. 25.000 vegna barna ef foreldrar greiða fyrir daggæslu, skólamáltíðir eða tómstundir.

Fjárhagsaðstoð – fjölskyldugerð

Fjölskyldugerð styrkþega í fjárhagsaðstoð 2019 má sjá á mynd 8 og þar er einnig staðan 2017 og 2018 til samanburðar. Fram kemur að einhleypir karlar eru sem fyrr fjölmennasti hópurinn eða 36%, en einstæðar mæður koma þar á eftir, eða 28% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð.




Mynd 8

Fjöldi barna 0-17 ára á heimilum sem þáðu fjárhagsaðstoð var 220 árið 2019 sem er nú börnum færri en 2018 eins og sjá má á mynd 8.

Fjárhagsaðstoð – atvinnustaða


Á mynd 9 má sjá hver atvinnustaða styrkþega fjárhagsaðstoðar 2019 er þegar hún er borin saman við stöðuna árin 2017 og 2018. Þar má sjá að hlutfall atvinnulausra án bótaréttar hefur farið hækkanði og er 27% en hlutfall sjúklinga er 26 %. Þeir styrkþegar sem tilheyra hópnum sjúklingar eru í langflestum tilfellum einstaklingar á bið eftir örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Í heildina eru ekki miklar breytingar á atvinnustöðu. Það skal tekið fram að allir einstaklingar þeir sem vinna í Fjölsmiðjunni hafa atvinnustöðuna „í fullu starfi“ og eru þar með stærsti hluti þess hóps.



Mynd 9


Þróun fjárhagsaðstoðar

Styrkþegum fjölgaði um einn milli ára, sjá mynd 10, og útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar hækkaði milli ára. Má skýra hækkanina með því, eins og kemur fram að ofan, að framfærslugrunnur hækkaði á milli ára og meiri styrkur er veittur til fjölskyldna með börn. Einnig voru reglur um aðrar greiðslur hækkaðar s.s. vegna læknaaðstoðar, húsaleigutryggingar og meðferðarkostnaðar en þær upphæðir voru síðast hækkaðar árið 2010.



Mynd 10


Á mynd 11 má sjá þróun útgjalda fjárhagsaðstoðar 2009 til 2019 framreiknað miðað við vísitölu launa í júlí hvers árs. Þar kemur fram að útgjöldin náðu hámarki 2013 - 2014 og síðan þá hafa þau farið lækkandi þar til 2019.



Mynd 11

Aldursskipting styrkþega


Aldursskiptingin er nokkuð svipuð á milli ára en þó má sjá að hlutfallslega fjölgar í hópi yngri en 25 ára. Aðeins 1% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð eru eldri en 68 ára og þess má geta að algengasta ástæða aðstoðar til 68 ára og eldri er vegna útfararkostnaðar, sjá mynd 12.



Mynd 12

Grunnframfærsla og aðstoð skv. heimildakafla

Fjárhagsaðstoð skv. reglum velferðarráðs Akureyrarbæjar skiptist í tvo hluta, annars vegar í framfærslu sem jafnframt er stærsti hlutinn og hins vegar í greiðslu samkvæmt svokölluðum heimildakafla. Framfærsla var á árinu 2019 alls 61% af heildarfjárhagsaðstoð, annað var óverulegur hluti eða 1% en greiðslur úr heimildakafla voru 37%. Greiðslur skv. heimildakafla eru af ýmsu tagi og má þar nefna: greiðslur til foreldra vegna barna á þeirra framfæri, greiðslur vegna lyfja- og læknskostnaðar, lán vegna tryggingargjalds í íbúð og kostnað vegna endurhæfingar. Greiðslur til Fjölsmiðjunnar falla einnig undir heimildakafla og það gera einnig námsstyrkir og jólastyrkir (sérstök fjárhagsaðstoð í desember). Samanburð á skiptingu fjárhagsaðstoðar á árunum 2009-2019 má sjá á mynd 13.



Mynd 13

Skólastyrkir

Undanfarin þrjú ár hefur þeim fjölgað sem fá námsstyrki. Þeir eru ætlaðir þeim sem búa við langvarandi félagslega erfiðleika, eru einstæðir foreldrar með barn á framfæri eða aðstæður þeirra eru með því móti að hætta er talin á að án aðstoðar flosni þeir upp úr námi. Eingöngu er veittur styrkur til náms sem ekki er lánshæft. Árið 2019 hlutu alls 14 ungmenni styrk á 24. grein, þrír af þeim fengu styrk til að greiða skólagjöld. Ellefu ungmenni fengu skólastyrk í formi framfærslu.

Fjárhagsaðstoð um lengri eða skemmri tíma

Flestir fengu fjárhagsaðstoð í einn mánuð eða 111 og aðeins 16 einstaklingar fengu aðstoð í 10 mánuði eða lengur. Sjá töflu 9


Lengd aðstoðar og fjöldi heimila		
Lengd aðstoðar	Fjöldi	Hlutfall
1 mán	111	34,80%
2 mán	59	18,50%
3 mán	43	13,50%
4 mán	31	9,70%
5 mán	23	7,20%
6 mán	5	1,60%
7 mán	9	2,80%
8 mán	12	3,80%
9 mán	10	3,10%
10 mán	6	1,90%
11 mán	7	2,20%
12 mán	3	0,90%
Samtals	319	100,00%

Tafla 9

Þjónusta við nágrannasveitarfélög

Nágrannasveitarfélögin Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur eru aðilar að samningi um ráðgjafarþjónustu við Akureyrarbæ. Íbúar þessara sveitarfélaga sækja sér ýmsa þjónustu til fjölskyldusviðs skv. þeim samningi s.s. félagslega ráðgjöf og einnig er tekið við og unnið úr umsóknum um fjárhagsaðstoð.

Fjöldi þeirra sem sótti um fjárhagsaðstoð árið 2019 var 20 sem er fjölgun um þrjá frá árinu 2018 en umsóknir voru sex færri en árið áður.



Mynd 14

Húsnæðismál

Tilgangurinn með rekstri félagslegs leiguhúsnæðis er að tryggja framboð af leiguhúsnæði til handa einstaklingum og fjölskyldum sem ekki hafa kost á að afla sér húsnæðis með öðrum hætti. Um er að ræða almennt félagslegt leiguhúsnæði, sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og áfangaheimili.

Biðlisti eftir félagslegu leiguhúsnæði skiptist í heild sinni svo í árslok 2019:

Biðlisti eftir félagslegu leiguhúsnæði					
Stærð íbúða	2 herbergja	3 herbergja	4 herbergja	5 herbergja	Samtals
Umsóknir	79	29	19	10	137
Umsóknir um flutning	12	2	8	3	25
Samtals umsóknir	91	31	27	13	162
Áætlaður biðtími	4 ár	3 ár	2,5 ár	óvíst	

Tafla 10

Umsóknum á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði fjölgaði nokkuð á milli árunna 2018 og 2019 þó fækkaði umsóknum um þriggja herbergja íbúðir, líkt og sjá má á meðfylgjandi töflu:

Fjölgun á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði á milli ára					
Stærð íbúða	2 herbergja	3 herbergja	4 herbergja	5 herbergja	Samtals
Umsóknir	+ 13	- 7	+ 7	+ 4	+ 17
Umsóknir um flutning	+ 1	- 2	+ 5	+ 2	+ 6
Samtals	+ 14	-9	+12	+6	+23

Tafla 11

Í töflu 12 má sjá þróun á umsóknarlista frá áramótum 2017 fyrir utan umsóknir um flutning á milli húsnæðis á vegum Akureyrarbæjar.

Herbergjafjöldi	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2019
2 herbergja	83	71	66	79
3 herbergja	28	26	36	29
4 herbergja	27	19	12	19
5 herbergja	5	5	6	10
Samtals:	143	121	120	137

Tafla 12

Á árinu 2019 bárust 100 umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði til Akureyrarbæjar. Hlutfall samþykktra umsókna var 67%, en árið 2018 var hlutfall samþykktra umsókna 62%. Þar að auki bárust 12 flutningsbeiðnir, en 83% þeirra voru samþykktar samanborið við 15 flutningsbeiðnir árið 2018 þar sem 80% voru samþykktar.

Á árinu 2019 fengu 45 umsækjendur úthlutun samanborið við 43 árið 2018. Bæði árin höfnuðu sex úthlutunum af mismunandi ástæðum.

Fjöldi félagslegra íbúða eru nú 315 með 342 eignarhlutum. Með eignarhlutum er átt við pláss í þjónustukjörnum, hvort heldur sem er herbergi eða stúdíóíbúð. Herbergjafjöldi íbúða í útleigu hjá Akureyrarbæ skiptist í samræmi við töfluna hér að neðan.

Á árinu 2019 voru tvær tveggja herbergja íbúðir útbúnar í rými sem áður nýttist illa í fjöleignarhúsi. Fest voru kaup á raðhúsiþúð sem nýttist fyrir börn með fötlun. Auk þess var ein þriggja herbergja íbúð tekin á leigu. Tvær þriggja herbergja íbúðir urðu óíbúðarhæfar vegna bruna. Ein fimm herbergja íbúð var seld til leigutaka. Ein þriggja herbergja íbúð í Hrísey var seld. Loks var ákveðið að nota heila

íbúð fyrir starfsmannaaðstöðu í Kjalarsíðu, en áður var ein íbúð notuð bæði fyrir íbúa og starfsfólk, sjá töflu 13. w

Íbúðastærð	Leiguíbúðir almennar	Leiguíbúðir Hrísey	Leiguíbúðir Grímsey	Leiguíbúðir fyrir fatlaða	Leiguíbúðir F.É.S.T.A	Leigðar íb. v/ fatlaðra	Samtals
1 herbergi	1			26			27
2 herbergja	112	4		33	5	11	165
3 herbergja	86	1		1	2	1	91
4 herbergja	45	1	3	1			50
5 herbergja	6	1		2			9
Samtals	250	7	3	63	7	12	342

Tafla 13

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Akureyrarbær greiðir út sérstakan húsnæðisstuðning, sem er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur. Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna. Akureyrarbær greiðir einnig sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15 – 17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili.

Á árinu 2019 bárust 163 umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning. Af þeim voru 108 (66,3%) samþykktar, en 55 (33,7%) hafnað. Árið 2018 barst 191 umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning. Af þeim voru 133 (69,6%) samþykktar, en 58 (30,4%) var hafnað. Meðalfjöldi samþykktar umsókna í hverjum mánuði á árinu 2019 var 263, samanborið við 267 árið 2018.

Meðalupphæð sem greidd var á hverja samþykktar umsókn í hverjum mánuði árið 2019 var 25.669 kr., samanborið við 23.519 kr. árið 2019.

5 Þjónustudeild

Undir þjónustudeild heyrir sú starfsemi sviðsins sem veitir þjónustu þvert á málaflokka, þ.e. skrifstofan og Askjan – fjölskyldustuðningur.

5.1 Skrifstofa fjölskyldusviðs

Á skrifstofu fjölskyldusviðs eru þrír starfsmenn, einn móttökuritari, skrifstofustjóri og sérfræðingur. Þeir sinna þjónustu við aðra starfsmenn sviðsins og þjónustuþega. Meðal verkefna er móttaka, símsvörin, bókhald og öll fjárhagsleg umsýsla. Launavinnsla og frágangur er varðar ráðningar á fólki er á verkswiði skrifstofu auk greiðslu fjárhagsaðstoðar til skjólstaðinga félagsþjónustu. Skrifstofan ber ábyrgð á að skjalavistun sé í samræmi við lög, reglugerðir og skjalavistunaráætlun bæjarins. Hún hefur umsjón með þeim upplýsingum um fjölskyldusvið sem eru á heimasíðu Akureyrarbæjar og annast í samráði við aðra starfsmenn þróun rafrænna upplýsinga um starfsemina og heldur utan um gerð umsókna sem fer inn á gáttina. Mikið átak var gert í þökkun og frágangi gamalla skjala árið 2018 sem í gegn um tíðina hefur safnast upp, sú vinna heldur áfram auk þess að ganga frá og pakka gögnum jafnóðum svo slíkt gerist ekki aftur.

5.2 Askjan

Askjan hefur það að markmiði að veita markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra. Um er að ræða ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstaðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsókna inn á heimili. Starfsmenn eru þrír í 1,75 stöðugildi. Teymi starfsmanna þvert á málaflokka er starfandi og er hlutverk þess að halda utan um umsóknir, þróun þjónustunnar og halda utan um kynningastarf. Um er að ræða þróunarstarf sem allir hlutaðeigandi sinna af miklum metnaði. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustunni. Tilvísanir koma frá félagsþjónustu og barnavernd auk þess sem skólaþjónustan á fræðslusviði hefur aðgang að Öskjunni og tekur þátt í þróun hennar. Málin eru misflókin. Þau mál sem koma frá barnaverndinni eru oftast tímafrekari en önnur í vinnslu og aðstoðin víðtækari. Mál sem taka styttri tíma í vinnslu eru t.d. heimili einhverfra barna þar sem foreldrar fá aðstoð við að setja upp sjónrænt skipulag sem snýr að þörfum barnsins. Einnig hafa starfsmenn haldið fjölskyldufundi og verið með handleiðslu við starfsfólk t.d. í heimaþjónustu sem vinnur inn á heimilum. Kynning á þjónustunni hefur verið haldin fyrir leikskólastarfsmenn, heilsugæslu og víðar.

Á árinu 2019 var hafin vinna í 33 málum og vinnslu lokið í 27 málum. Um er ræða mun fleiri mál en árið 2018. Lengd mála var að meðaltali 7,1 mánuðir þar sem stysta málið tók 2 mánuði en það lengsta meira en 24 mánuði. Í árslok voru 25 mál í vinnslu. Alls var unnið í 52 málum á árinu og voru fjórar fjölskyldur á biðlista um áramót.



6 Önnur starfsemi sviðsins

Starfsmenn sviðsins sóttu sér ýmsa fræðslu á árinu sem nýttist í starfi. Mikil sérþekking hefur orðið til hjá starfsfólki sviðsins um einhverfu og hafa viðkomandi aðilar staðið fyrir námskeiðum til þess að miðla þekkingu og aðferðum varðandi þjónustu við einhverf börn. Á árinu fóru starfsmenn barnaverndar í námsferð til Noregs að kynna sér „Tröppuna“ auk þess að kynna sér starfsemi fjölskylduhúss sem starfrækt eru í Noregi og hafa gefist vel. Þrír starfsmenn sviðsins fóru á sérfræðinga námskeið í straumlínustjórnun (LEAN) og mun það nýtast sviðinu vel. Auk námskeiða eru starfsmenn almennt duglegir að sækja ráðstefnur til að efla sig í starfi.

6.1 Samráð við hagsmunasamtök notenda

Frá 1999 hefur félagsþjónustan haldið úti samráði við Þroskahjálp á Norðurlandi eystra. Á árinu 2016 var það samráð lagt niður. Í kjölfarið kom Akureyrarbær, með styrk frá Velferðarráðuneytinu, á fót notendaráð fyrir fatlað fólk. Þroskahjálp, Sjálfsbjörg á Akureyri og Grófinni var boðin þátttaka í ráðinu.

Í kjölfar lagabreytinga árið 2018 setti Akureyrarbær á fót Samráðshóp um málefni fatlaðs fólks. Samsetning hópsins er þannig að pólitískir fulltrúar eru þrír, þar af er einn formaður hópsins. Grófin – geðverndarmiðstöð, Sjálfsbjörg á Akureyri og Þroskahjálp á norðurlandi eystra eiga hvert og eitt sinn fulltrúa.

Sviðsstjóri búsetusviðs ritar fundagerðir og er formanni til aðstoðar við að ákveða dagskrá og afla efnis.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks hefur eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með þjónustu við fatlað fólk, huga að samhæfingu þjónustunnar og stuðla að félagslegri velferð fatlaðs fólks.
2. Að fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustunnar við fatlað fólk og gera tillögur til sveitarstjórnar um mögulegar breytingar á þjónustunni þar sem hennar er þörf.
3. Að vera umsagnaraðili til ráðuneytis um veitingu starfsleyfis skv. 7. gr. laga um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
4. Að vera umsagnaraðili í ferlimálum að beiðni byggingarfulltrúa við hönnun og byggingu opinberra mannvirkja og atvinnuhúsnæðis.
5. Að vera umsagnaraðili í ferlimálum að beiðni umhverfis- og mannvirkjasviðs við gerð gangstétta, gönguleiða og bílastæða.
6. Að leitast við að tryggja sé að fatlað fólk fái þá þjónustu sem viðkomandi þarfnast og kynna fyrir fótluðu fólk þau úrræði og þjónustu sem í boði er.

Samráðshópurinn kom saman fjórum sinnum á árinu 2019.

6.2 SIS mat

Samræmt mat á landsvísu, SIS mat (Supports Intensity Scale), er mat á þjónustubörfum fullorðins fatlaðs fólks og var innleitt á árunum 2009 – 2010, þá sem rannsóknarverkefni. Síðan þá hafa flestir þeirra sem eru með viðamikla þjónustu eða eru á biðlista eftir þjónustu farið í SIS mat. Á árinu 2019 fóru 7 einstaklingar í SIS mat. Alls voru 131 einstaklingar með SIS mat í þjónustu þar af 107 sem metnir voru í þjónustubörf umfram félagslega heimaþjónustu. Veruleg þjónustubörf er þegar hún fer umfram 15 tíma í þjónustu á viku. SIS matið er þannig byggt upp að flokkarnir eru 12 og einnig er metin sérstök þjónustubörf vegna heilsu og atferlis (12 A og 12B). Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag vegna þeirra sem metnir eru í flokka 5 – 12 en fram að árinu í ár var veitt framlag vegna þeirra sem metnir voru í flokka 4 – 12. Fjöldi þeirra einstaklinga sem fengu einhverja sérhæfða þjónustu út frá lögum um málefni fatlaðs fólks árið 2019 voru um það bil 430. Þeir fullorðnu einstaklingar sem ekki hafa farið í SIS mat eru u.þ.b. 130. Ekki er gert ráð fyrir að allir sem fá sérhæfða þjónustu úr málaflokki fatlaðra fari í SIS mat.

7 Skógarlundur

Í Skógarlundi er fötluðu fólki veitt þjónusta í formi hæfingar og dagþjálfunar, samanber lög um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Markhópur Skógarlundar er fatlað fólk sem ekki hefur getu til að starfa á vinnumarkaði og er á aldrinum 20 til 70 ára.

Markmið Skógarlundar eru m.a. eftirfarandi:

- Að einstaklingur upplifi vellíðan og öryggi.
- Að efla og viðhalda frumkvæði einstaklings.
- Að einstaklingur sé í virkni
- Að efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklingsins.
- Að viðhalda og auka þá færni sem einstaklingur hefur náð.
- Að einstaklingur hafi möguleika á að útskrifist í starfsþjálfun.

Notendur í Skógarlundi

Þeir sem sækja þjónustu í Skógarlund er breiður hópur fólks með ólíkar þjónustubarfir. Flestir þjónustunotendur árið 2019 voru með þroskaraskanir, en einnig voru í þjónustu fólk með ákominn heilaskaða og fólk með einhverfu. Búsetuform notenda er mismunandi. Allflestir búa einir í íbúðum og fá þar þjónustu. Nokkrir deila húsnaði með öðrum fötluðum einstaklingum og nokkrir búa í foreldrahúsum.

Í lok árs árið 2019 voru 44 notendur sem sóttu þjónustu í Skógarlund. Þjónustustundir voru 40.068 á árinu og fækkaði þeim frá árinu 2018. Ástæða fækkunar þjónustustunda er meðal annars sú að fimm notendur létust á árinu og höfðu verið í mikilli þjónustu. Þrír nýir notendur komu í Skógarlund, þar af tveir sem mæta einu sinni í viku. Einnig voru nokkrir notendur sem óskuðu eftir því að minnka við sig vinnu til dæmis vegna aldurs eða minnkaðrar starfsgetu. Enginn notandi jók við sig vinnu á árinu.

Flestir notendur Skógarlundar voru í þjónustu fjórar klukkustundir á dag. Einn notandi var bæði í þjónustu í Skógarlundi og Plastiðjunni Bjargi (PBI) alla virka daga. Nokkrir aðrir sækja þjónustu bæði í Skógarlund og PBI en þó ekki alla daga vikunnar á báðum stöðum. Aldursbil notenda var frá 20-84 ára.



Frá vorsýningunni í maí



Verk í vinnslu

Starfsmenn Skógarlundar

Í árslok 2019 voru 17 starfsmenn í 14,37 stöðugildum. Einn starfsmaður var í langtíma veikindaleyfi og tveir starfsmenn í fæðingarorlofi. Menntun þeirra sem störfuðu í Skógarlundi árið 2019 var fjölbreytt, þar störfuðu meðal annars: þroskaþjálfar, iðjuþjálfar, íþróttافرæðingur, félagsliði og hjúkrunarfræðingur, leikskólakennari, félagsfræðingur og viðskiptafræðingur.

Starfsfólk tók þátt í námskeiðum og fræðslu samkvæmt símenntunaráætlun Akureyrarbæjar. Þar má meðal annars nefna fræðslu um algengar fatlanir, einkenni og þjónustu og námskeið í sálrænni skyndihjálp.

Í byrjun árs var Starfsmannafélag Skógarlunda stofnað og hefur það verið mjög jákvætt fyrir staðinn, bæði fyrir starfsmenn og starfsemina sem slíka. Starfsmannafélagið sótti um styrk frá Norðurorku til að betrubæta skynörvunarherbergið, sá styrkur var samþykktur og verður vel nýttur.

Innra starf í Skógarlundi

Starfsemin fer fram í vestur og suðurálmum Skógarlunda. Heimasvæði fólks er í annarri hvorri álmunni en fólk sækir tilboð í báðar álmur hússins og gefst það mjög vel. Þvert á álmur fer fram hópastarf. Í hópunum fer fram minningavinna, lesstundir, hreyfing, tónlist og vettvangsferðir svo eitthvað sé nefnt. Á árinu 2019 voru 17 einstaklingar með heimasvæði í vesturálmum og 27 í suðurálmum.

Í vesturálmunni er fólk sem þarf mikla umönnun. Þar byggir starfsemin á alhliða skynupplifun, líkamsþjálfun, boðskiptum, félagsþæfni og tómstundum.

Starfsemin byggir einnig á léttum vinnuverkefnum, sköpun, félagsstarfi, umönnun og að njóta afþreyingar. Unnið er eftir hugmyndum um starf með fullorðnu fólki sem farið er að tapa starfsgetu og mikilvægi afþreyingar í lífi fólks.

Í suðurálmum er fólk sem er nokkuð virkt í starfi en þarf eftir sem áður aðstoð við ýmsar athafnir. Megináhersla er lögð á skapandi starf en einnig er unnið með vinnuverkefni og annað sem notendur hafa áhuga á.

Í suðurálmunni eru framleiddir listmunir og nytjamunir sem notið hafa mikilla vinsælda. Má þar nefna muni úr leir og gler sem og hluti sem unnir eru í fab-lab. Þó framleiðslan á deildinni sé í stöðugri þróun hefur aðeins dregið úr flóknari viðfangsefnum vegna minnkandi getu fólks.

Markmið með skapandi starfi eru m.a.

- að gefa einstaklingum tækifæri til sköpunar
- að þjálfar fín og grófhreyfingar
- að efla fegurðarskyn og sköpunargleði
- að efla sjón og snertiskyn
- að læra að meðhöndla mismunandi efni, s.s. liti, pappír, leir, gler og textíl efni
- að stefna að því að listrænn afrakstur verði söluvara, a.m.k. að hluta
- að læra að endurnýta efni
- að njóta afþreyingar

Hugmyndafræði

Unnið er eftir hugmyndafræði TEACCH um skipulögð vinnubrögð og skynupplifun í báðum álmum hússins.

Skipulögð vinnubrögð er hugmyndafræði ætluð fólki með einhverfu og öðrum með alvarlegar boðskiptahamlaðir. Þar er gengið út frá því að nýta sjónræna styrkleika og því eru útbúnar myndrænar stundatöflur, rými er afmarkað á sjónrænan hátt og vinnukerfi útbúið eftir þörfum hvers og eins.

Hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar hefur verið innleidd í starfsemi Skógarlunda en þar er byggt á grunnhugmyndum um gagnkvæm tengsl og að við séum öll háð hvert öðru á einn eða annan hátt. Þjónandi leiðsögn gerir kröfur til þess að umönnunaraðili horfi inn á við og nýti það góða sem býr innra með hverjum manni og finni leiðir til að gefa af sér hlýju og skilyrðislausu umhyggju í garð annarra.

Þungamiðja þjónandi leiðsagnar: Þátttaka okkar í lífi annarra hefur þann megintilgang að kenna, hlúa að og viðhalda reynslu þeirra og upplifun af tengslum, vináttu og því að vera hluti af samfélaginu.

Allir einstaklingar eiga sína sögu, minningar, styrkleika og veikleika sem hefur áhrif á samskipti. Þjónandi leiðsögn leggur áherslu á að horfa til styrkleika manneskjunnar og mæta henni með skilyrðislausri virðingu og umhyggju í öllum aðstæðum.



Samverustundir eru mikilvægar í starfi Skógarlunda

Félagsstarf

Í Skógarlundi hefur frá upphafi verið lögð áhersla á lifandi félagsstarf í innra starfi. Fimmtudaginn 5. desember var hin árlega jólagleði haldin, þar sem slegið var upp balli og góðum veitingum gerð skil. Hljómsveit Röggva og Snorra sá um að halda uppi fjörinu. Sú nýbreytni var í ár að við höldum jólagleðina í sal Giljaskóla og var almenn ánægja með það, nægt pláss fyrir alla á dansgólfinu. Vikurnar fyrir jólagleðina voru notendurnir þátttakendur í bakstri fyrir gleðina og tókst það mjög vel og mátti sjá ánægjuna á andlitum þeirra þegar þau buðu vinum og vandamönnum upp á veitingarnar.

Böllum og kaffihúsastemmingu var nokkrum sinnum slegið upp og margt annað til gamans gert. Við fengum marga góða gesti til okkar og má þar nefna Leikhópinn Lottu og Einar Mikael töframann. Eins hafa notendur komið með hljóðfærin sín og haldið tónleika í matsalnum, þar var til dæmis var spilað á gítar og harmonikku.

Markaður og vorsýning

Aðventu- og jólamarkaður Skógarlunda var haldinn í nóvember og var hann vel sóttur. Sú nýbreytni var í ár að vikuna fyrir jólamarkað var farið með vörur á Glerártorg til að selja og tóku notendur þátt í þeirri sölu. Gekk það mjög vel og voru margir áhugasamir um vörurnar, líklegt þykir að leikurinn verði endurtekinn að ári.

Vorsýningin var haldin um miðjan maí. Eitt og annað var til sýnis, m.a. verkin þeirra og myndbönd úr starfinu. Lögð var mikil vinna í að taka myndir af öllum notendum við iðju sína sem síðan voru settar í ramma og hengdar upp á vegg. Notendur sýndu svo stoltir gestum og gangandi verkin sín og myndirnar af sér.

Samstarf

Starfsfólk Skógarlunda er í góðu samstarfi við PBI með verkefni og þjónustu við notendur. Meðal annars fáum við tappa frá PBI sem notað er sem vinnuverkefni. Auk þess eiga starfsmenn gott samstarf við heimili þjónustunotenda og sjúkraþjálfunina á Bjargi. Fyrri hluta árs var Skógarlundur í samstarfi við Hlíð. Þá fór einn notandi og starfsmaður með honum á Hlíð þar sem hann vann ýmis verk eða spilaði við íbúa. Meðal verka má nefna aðstoð við vöflubakstur og bingó fyrir íbúa Hlíðar. Einnig var haldin listasýning á Hlíð með verkum notanda Skógarlunda.

Staðan í lok árs

Eitt af því mikilvægasta í starfi með fötluðu fólki er öryggi og traust. Það er ekki sjálfgefið að traust myndist á milli notenda og starfsmanna, því getur verið erfitt að missa gott fólk og vanda þarf til vals á nýju fólki. Í lok árs vann öflugt starfsfólk í Skógarlundi, samheldið og með mikinn metnað fyrir starfinu.

Skynörvunarherberið er enn í vinnslu og verið að þróa það áfram. Með fyrrnefndum styrk frá Norðurorku sjáum við fram á að geta gert það enn betra. Allir notendur Skógarlunda hafa aðgang að

herberginu og á hver notandi skráðan tíma í það í hverri viku. Í byrjun nóvember hóf íþróttافرæðingur störf í Skógarlundi sem sér um hreyfistundir sem og hreyfingu einstakra notenda. Hugmyndin fyrir árið 2020 er að standsetja íþróttaherbergi sem allir notendur hafa aðgang að og sem íþróttافرæðingurinn hefur til að taka notendur í hreyfipjálfun skv. einstaklingsáætlun.

Strax í byrjun árs 2020 munu tveir starfsmenn fara á námskeiðið „Skipulögð kennsla og vinnubrögð-TEACHH“ og flest allir starfsmenn munu fara á námskeið í leir- og glergerð. Það er alltaf ánægjulegt þegar starfsfólk hefur áhuga á að læra nýja hluti eða byggja á þeim stöðum sem það hefur nú þegar.

8 Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur

Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur (PBI) er staður starfsendurhæfingar og starfsþjálfunar auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlað fólk í ótímabundinni ráðningu. Uppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleitt er m.a. raflagnæfni, kerti, búfjármerki, mjólkursíur, diskapurrkur, klútar og skilti. PBI er til húsa að Furuvöllum 1 og opnunartími er frá kl. 8-16 virka daga.

Hlutverk PBI

Á Plastiðjunni Bjargi - Iðjulundi (PBI) fer fram starfsþjálfun og vinna fyrir fatlað fólk. PBI er vinnustaður fyrir fólk sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum er með skerta starfsgetu. PBI starfar skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Rekstraraðili er Akureyrarbær.

Í 22. gr. kemur fram að hvers konar atvinnu- og hæfingartengd þjónusta sem ætluð er fötluðu fólki teljist til vinnumarkaðsaðgerða. Vinnumálastofnun annast skipulag og vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk, þar á meðal vinnumiðlun, mat á þörf fyrir vinnumarkaðsúrræði og mat á vinnufærni. Skipulag, framkvæmd og rekstur vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virkniþjálfun er á ábyrgð sveitarfélaga, nema annað sé sérstaklega ákveðið með samkomulagi ríkis og Vinnumálastofnunar.

Samkvæmt skilgreiningu á fötlun segir í 2 gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir að fötlun sé afleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

Í lögnum er kveðið á um að þeir eigi rétt á þjónustu sem eru með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum eða slysum. Á hverjum tíma nýtir fjöldi einstaklinga sér þjónustu á PBI og nauðsynlegt er að í boði séu fjölbreytt störf fyrir þann hóp sem sækir um og eiga rétt skv. lögum.

Starfsmannafjöldi alls 2019:

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun	37
Ótímabundin ráðning	20
Annað starfsfólk	19
Samtals	76

Tafla 14

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun

Starfsendurhæfing og starfsþjálfun er ætluð einstaklingum á aldrinum 18-70 ára. Starfsþjálfun er tímabundin og er hugsuð til sex mánaða í senn en hægt er að framlengja tímabundna ráðningarsamninga, ef þörf er á frekari þjálfun eða ef bið er á öðrum atvinnutilboðum. Markmiðið með starfsþjálfun og starfsendurhæfingu er að þjálfva einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum vinnumarkaði. Sérstakur matslisti er notaður við mat á starfsgetu sem eykur skilvirkni og flýttir fyrir þátttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði.

Í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun voru 37 einstaklingar í tímabundinni ráðningu á árinu 2019, 20 karlar og 17 konur í 8,9% stöðugildum.

Að lokinni starfsþjálfun fékk einn af ofangreindum einstaklingum starf á vegum Atvinnu með stuðningi (AMS) og einn fór yfir á örorkuvinnusamning.

Tíu einstaklingar hættu vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Vinnugeta starfsmanna er mismikil og eru laun greidd skv. starfsmati Hlutverks - Samtaka um vinnu og verkþjálfun. Matinu er ætlað að meta vinnugetu og ákvarða röðun í launaflokka. Allir í starfsþjálfun eru félagsmenn í Einingu - Iðju og njóta í öllu þeirra kjara sem félagsmenn fá. Allar umsóknir á PBI berast í gegnum vef Vinnumálastofnunar. Helstu tilvísendur á PBI eru geðdeild SAK,

endurhæfingardeild SAK á Kristnesi, fjölskyldusvið, búsetusvið, VMA og VIRK starfsendurhæfingarsjóður.

Starfspjálfun 2019 - 37 einstaklingar	
Fjöldi einstaklinga metinn svk. starfsgetu	
30% laun	20 einstaklingar
50% laun	17 einstaklingar

Tafla 15

Ótímabundin ráðning

Ótímabundin ráðning (áður kölluð vernduð vinna) er fyrir einstaklinga á aldrinum 18-70 ára og er ætluð starfsmönnum sem lokið hafa starfspjálfun en geta ekki nýtt sér önnur atvinnutilboð á almennum vinnumarkaði. Starfsgeta einstaklinga er metin í 30%, 50%, 70% eða 90%. skv. starfsmati Hlutverks. Mat/endurmat skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári og eru laun greidd í hlutfalli við starfsgetu. Hámarksstarfshlutfall er 50% en lágmark 20%. Á árinu 2019 voru alls 20 einstaklingar í ótímabundinni vinnu. Karlar voru 8 og konur 12.

Ótímabundin ráðning 2019 - 20 einstaklingar	
Fjöldi einstaklinga metinn svk. starfsgetu	
30% laun	7 einstaklingar
50% laun	6 einstaklingar
70% laun	6 einstaklingar
90% laun	1 einstaklingur

Tafla 16

Einstaklingar í starfsendurhæfingu/starfspjálfun og í ótímabundinni ráðningu fá örorku- eða endurhæfingalífeyri frá TR. Starfsmenn eru félagsmenn í Einingu Iðju.

Annað starfsfólk

Í árslok 2019 voru alls 19 starfsmenn á PBI í 15,85% stöðugildum. Þetta eru: forstöðumaður, rekstrarstjóri, iðjuþjálf/deildarstjóri starfspjálfunar, starfsráðgjafi og sex verkstjórar. Þar að auki er flokksstjóri í sal/lager og starfsmaður í afgreiðslu. Í lok ársins í verkamannastöðum eru sjö manns í 5.5 % stöðugildum. Af þeim er einn vegna sérstaks atvinnuúrræði, einn er á starfspjálfunarsamningi frá Vinnumálastofnun, þrír eru á örorkuvinnusamningum alls 1,3 % stöðugildi.

Breytingar

Þann 1. desember hætti PBI rekstri flöskumóttökunnar. Reksturinn er núna í höndum Endurvinnslunnar hf. PBI og Endurvinnslan gerðu með sér samkomulag um starf fyrir fatlaða einstaklinga þar sem tveir starfsmenn starfa í flöskumóttökunni á vegum PBI. Þrír starfsmenn, verkstjóri og tveir verkamenn fluttust sjálfkrafa yfir til Endurvinnslunnar hf. við aðilaskiptin.

Félagsstarf, fræðsla o.fl.

Á PBI er lögð áhersla á símenntun starfsmanna og eru þeir hvattir til að nýta sér námskeið og fræðslu sem í boði er á vegum Akureyrarbæjar og/eða stéttarfélaga eða hjá Símei og Fjölmenn.

Innleiðing á straumlínustjórnun (LEAN management) hófst á vordögum 2017 og heldur áfram. Tilgangurinn með innleiðingunni er að auka skilvirkni, vinna að



stöðugum úrbótum og draga úr sóun. Allir starfsmenn PBI taka þátt í innleiðingunni og hugmyndavinnunni.

Unnið er að innleiðingu hugmyndafræðinnar þjónandi leiðsögn, allir starfsmenn hafa fengið kynningu en yfirmenn sækja námskeið.

PBI hefur tekið á móti ýmsum hópum sem hafa komið í þeim tilgangi að kynna sér starfsemina. Síðasta vor kom m.a. hópur frá Berlín sem vinnur á sambærilegum vinnustað og PBI.

Hópurinn stoppaði hluta úr degi, fékk kynningu á starfseminni og tækifæri til að prófa hin ýmsu störf sem í boði eru á PBI.

Öðru hvoru er reynt að brjóta upp hinn hefðbundna vinnudag. t.d. var haldin grillveisla eftir að lambamerkjavertíð lauk, haldið var páskabíngó fyrir alla starfsmenn með veglegum páskaeggjavinningum, vorferð var farin með rútu í nærsveitir og jólahlaðborð var haldið í byrjun desember. Leikfimi er í boði 2x í viku fyrir og eftir hádegi en uppákomur sem þessar hafa félagslegt gildi og stuðla að góðum starfsanda.



Í nóvember fékk starfsmanna hópurinn aðstoð frá mannauðsdeild Akureyrarbæjar við gerð samskiptasáttmála. Allir tóku þátt í þeirri vinnu og hefur afurðin verið innrömmuð og hengd upp á vegg.

Til að styrkja enn fremur starfsmannahópin og skapa tækifæri á meiri samveru var stofnað starfsmannafélag.

Samstarf

Samstarf og samráðsfundir eru á milli PBI og ýmissa stofnana ríkis- og sveitarfélaga varðandi verkefni og þjónustu við notendur. Tveir nemar frá Starfsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri komu í starfsþjálfun, einn á vorönn og einn á haustönn. Þeir fá ekki laun á starfsþjálfunartímanum. Nemendur frá sérdeildum grunnskólanna koma í vettvangsferðir og fá fræðslu um starfsemina og algengt er að leikskólabörn komi með kertaafganga að heiman og fái um leið kynningu á kertaframleiðslu og endurvinnslu á úrgangsvaxi. Nemar í þroskaþjálfarafræðum og nemendur af Félagsliðabréu hjá Símei komu einnig og fengu kynningu á starfseminni en slíkar kynningar eru mikilvægur þáttur í námi þeirra.

Verkefni

Verkefnastaða PBI árið 2019 var góð. Framleiðsla á búfjármerkjum hefur gengið vel eins og undanfarin ár. Eftirspurn eftir raflagnaefni var stöðug og sala dýfðra kerta svo og útikerta var sú sama og á árinu 2018. Dreifing á kertum fer fram í góðu samstarfi við O. Johnson & Kaaber.

Bómullartuskum og efnum er safnað og unnir úr þeim tuskubaggar til að selja t.d. verkstæðum og útgerðarfélögum. PBI hefur m.a. fengið dygga aðstoð frá Rauða Krossinum og Hjálpræðishernum við söfnun efna sem og frá einstaklingum og ýmsum stofnunum á Akureyri.

Tækjabúnaður PBI er margur kominn til ára sinna og var úr sér genginn. Endurbætur og viðhald véla og tækja eru mikilvægar svo hægt sé að halda starfseminni í fullum gangi. Ásamt því að sinna almennu viðhaldi á búnaði var mót keypt til að steypa plasthólka.

Afkoma

Meðfylgjandi tafla sýnir breytingu á raunkostnaði milli ára

Ár	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Raunkostnaður	107.843.536	98.433.044	88.938.612	83.567.37	76.926.109	79.492.952
Breyting á raunkostn. milli ára		-8,73%	-9,65%	-6,04%	-7,95%	3,3%
Lækkun á raunkostn. frá 2014					-28,67%	-26,29%
Áætlun	102.734.000	122.228.00	111.176.39	99.090.00	103.301.00	101.999.000
Mismunur	5.109.536	-23.794.956	-22.237.747	15.522.63	-26.374.891	-22.506.048
Hlutfall	104,97%	80,53%	80,00%	84,33%	74,47%	77,9%

Tafla 17

Heildartekjur PBI árið 2019 voru að fjárhæð án vsk. kr. 162,6 milljónir í stað 162,8 milljóna árið 2018 og 128,8 miljóna árið 2016. Um er að ræða 26,26% aukningu tekna á þremur árum sem skýrist meðal annars af aukningu á sölu og verðbreytingum.

Rekstur PBI var 77,9 % af fjárhagsáætlun sem gerð var fyrir rekstrarárið 2019 og er heildarkostnaður bæjarins því 79,5 milljónir.